

**Umsögn með máli nr. 8 á kirkjuþingi 2022-2023.**

**Frá stjórn Prestafélags Íslands.**

Stjórn Prestafélagsins minnir á þá mikilvægu lagaskyldu sem hvílir á Þjóðkirkjunni að tryggja kirkjulega þjónustu um allt land. Prestssetursjarðir í dreifbýli og prestssetur á minni þéttbýlisstöðum vítt og breitt um landið tryggja að prestar kirkjunnar geta búið í návígi við sóknarbörnin sín. Víða um land er húsnæðismarkaðurinn ótryggur og erfitt gæti reynst fyrir nýjan prest að verða sér úti um húsnæði í prestakallinu sínu. Það er mikilvægt að horft sé til þessara þátta þegar sala á prestssetrum er ákveðin.

Einnig mótmælir stjórn Prestafélagsins áformum um markaðsleigu á prestssetrum þar sem að þau munu leiða til verulegrar hækkunar húsnæðiskostnaðar presta og fjölskyldna þeirra. Aukinn húsnæðiskostnaður þeirra presta sem sitja prestssetur er ekki til þess fallinn að auka starfsánægju eða efla starfsanda. Auk þess má benda á að nýliðun í prestastétt er lítil og margir prestar að láta af störfum á næstu árum. Nú þegar er farið að gæta áhrifa yfirvofandi prestaskorts í nokkrum prestaköllum. Aðgangur að húsnæði á hagstæðu verði getur aukið líkurnar á því að sótt sé um ákveðin prestsstörf.

**F.h. stjórnar Prestfélags Íslands.**

Eva Björk Valdimarsdóttir, starfandi formaður.

Jón Ómar Gunnarsson, kjaramálafulltrúi.